

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við setningu
ráðstefnunnar „Er íslenskan góður ,bissness“?“. Haldið í Veröld – húsi
Vigdísar, miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 8.30**

Forseti Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra, góðir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin hingað í Veröld – hús Vigdísar þar sem við erum saman komin til að ræða um íslenska tungu og möguleika hennar í tæknivæddum heimi.

Þetta er sannarlega mikilvægt viðfangsefni og ekki síður spennandi og skemmtilegt.

Það er viðeigandi að við séum hér saman komin í þessu húsi Vigdísar, því Vigdís Finnbogadóttir hefur verið ópreytandi að benda á þær margvíslegu hættur sem steðja að íslenskunni og mikilvægi þess að vernda og efla tungumálið okkar.

Þegar haldið var upp á 80 ára afmæli Vigdísar árið 2010 og hún sæmd heiðursdoktorsnafnbót hér við Háskóla Íslands öðru sinni, var einmitt blásið til þriggja daga ráðstefnu í skólanum undir yfirskriftinni *Varðveisla framtíðar* þar sem sjálfbærni tungumálsins og náttúrunnar voru til umfjöllunar – málefni sem alla tíð hafa verið Vigdísi hugleikin.

Óhætt er að segja að þetta séu ennþá stóru viðfagnsefnin, verndun tungumálsins og náttúrunnar. Og þau eiga ýmislegt sameiginlegt.

Til dæmis að þau virðast stundum vera svo stór og óyfirstíganleg að orrustan sé jafnvel þegar töpuð. En það er auðvitað ekki rétt, því orrustan er rétt að byrja og við höfum allt sem þarf til að snúa vörn í sókn.

Það er líka annað sem þessi tvö stóru viðfangsefni eiga sameiginlegt – og það er að þótt það sé verkefni okkar hvers og eins að rækja og rækta tunguna og náttúruna mun raunverulegur árangur ekki nást nema með samvinnu okkar allra, vítt og breytt um samfélagið allt.

Þess vegna er ég afar ánægður með upplegg þessarar ráðstefnu hér í dag, því hér er verið að leiða saman fræðasamfélagið og atvinnulífið, vísindafólk sem vinnur að grunnransóknum á sviði máltækni og stjórnendur fyrirtækja sem leita hagnýtra lausna til að þjónusta viðskiptavini í krefjandi alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Samvinna þessara aðila mun skipta sköpum á næstu árum við að þróa lausnir sem verða hluti af daglegri notkun á íslensku mál til framtíðar.

Háskóli Íslands mun ekki láta sitt eftir liggja í þessu samstarfi í kennslu og rannsóknum og íslenska lykilgrein við skólann. Má hér nefna að um árabil hefur Háskóli Íslands verið í samstarfi við Háskólann í Reykjavík um sameiginlegt meistaranám í máltækni. Ég vil nota tækifærið og þakka Lilju Alfreðsdóttur fyrir hennar stuðning við þetta verkefni sérstaklega og metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu innviða í íslenskri máltækni almennt. Þá var fyrir nokkrum árum sett á laggirnar sérstakt starf í

Íslenskri málfræði og máltækni við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, auk þess sem sérfræðingar á Verkfræði- og náttúrvísindasviði skólans koma að þessu mikilvæga verkefni með ýmsum hætti. Og það er víða og víðar unnið að máltækni innan skólans, enda er um að ræða viðfangsefni sem er í eðli sínu þverfræðilegt og kemur okkur öllum við.

Góðir gestir. Það er mikið í húfi að okkur takist vel til og ég hvet ykkur því öll til dáða og óska ykkur og okkur góðs gengis.

Nú tekur forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson til máls.